Nr. 9.
31. júlí.

# Lög

um

framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipan milliþinganefndar.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hækkun sú á aðflutningsgjaldi, sem ákveðin er í lögum 29. júlí 1905, skal haldast þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins, þó þannig, að innheimtulaun skuli og greiða af gjaldaukanum.

Verði gjald lagt á innlenda vindlagjörð, bittergjörð, brjóstsykursgjörð eða aðra vörugjörð, þeirrar vöru, sem tollskyld er, skal það gjald hækkað að sama skapi og aðflutningsgjald, meðan lög þessi eru í gildi.

2. gr.

Skipa skal 5 manna nefnd milli þinga til þess að endurskoða skattalög landsins og sjerstaklega athuga,

1, hvort hentugra muni vera, að þeir fastir skattar, sem nú eru, haldist, með breytingum, er nauðsynlegar kynnu að þykja, eða að fasteignarskattur, er bæði hvíli á jarðeignum til sveita og á húsum og lóðum í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, komi í stað þeirra föstu skatta, sem nú eru,

2, hvort fært muni vera, að hækka aðflutningsgjald og útflutningsgjald frá því, sem nú er, eða bæta við fleiri tollstofnum, eða leiða í lög almennt verzlunargjald, svo og koma fram með frumvörp eða tillögur, er nefndinni mætti ástæða til virðast,

3, hvort haganlegt muni vera að breyta gildandi ákvæðum um sveitagjöld og gjöld til prests og kirkju.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

Nr. 9.
31.
Juli.

om

## Forlængelse af Gyldigheden af Lov om Forhøjelse af Indførselsafgift af 29. Juli 1905, samt om Nedsættelse af en Kommission mellem Altingssamlingerne.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Den i Lov af 29. Juli 1905 fastsatte Forhøjelse af Indførselsafgift skal vedblive indtil en Omordning af Landets Skattevæsen har fundet Sted, dog saaledes at Oppebørselsgebyr bliver ogsaa at erlægge af Toldforhøjelsen.

Belægges indenlandsk Fabrikation af Cigarer, Bittere, Brystsukker eller af anden toldpligtig Vare med en Afgift, bliver denne, medens nærværende Lov har Gyldighed, at forhøje i samme Forhold som Indførselsafgiften.

§ 2.

Der nedsættes en Kommission bestaaende af 5 Medlemmer for mellem Altingssamlingerne at revidere Landets Skattelovgivning, samt for særlig at undersøge:

1. Om det vilde være heldigere at beholde de nuværende faste Skatter, med de Forandringer, som man maatte finde paakrævede, eller at der i Stedet for disse kom en ny Skat paa fast Ejendom, hvilende saavel paa Jordejendomme paa Landet, som paa Huse og Byggegrunde i Købstæderne og de autoriserede Handelspladser.
2. Om det vilde være gørligt at forhøje den nuværende Indførsels- eller Udførselsafgift eller forøge de toldpligtige Varesorters Antal eller indføre en almindelig Værditold af indförte Varer, samt at fremkomme med de Forslag eller Indstillinger, Kommissionen maatte finde Anledning til.
3. Om det vilde være heldigt at forandre de gældende Bestemmelser om Kommuneskatter samt Afgifter til Præst og Kirke.

31. júlí.

3. gr.

Í nefndina tilnefnir sameinað alþingi 4 menn og stjórnarráðið einn mann, og er sá formaður nefndarinnar. Konungur skipar nefndina. Kostnaður við hana greiðist af landssjóði. Nefndinni er heimilt að taka sjer þá aðstoð, sem hún þarf með, og telst það sem kostnaður við nefndarstörfin. Öllum stjórnarvöldum er skylt að láta nefndinni í tje þær skýrslur og upplýsingar, er hún beiðist eptir.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið í Reykjavík, 31. júlí 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

*Frederik R.*

(L. S.)

*H. Hafstein.*

Nr. 9. Lög 31. júlí um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipan milliþinganefndar.

§ 3.

Nr. 9. 31. Juli.

Det forenede Alting opnævner 4 af Kommissionens Medlemmer og Ministeriet 1, hvilken sidste er Komissionens Formand. Kommissionens Medlemmer udnævnes af Kongen. De af Kommissionen flydende Udgifter udredes af Landskassen. Kommissionen bemyndiges til at anskaffe sig den nødvendige Assistance, hvilket anses sem Udgifter ved Kommissionen. Alle Regeringsmyndigheder ere pligtige til at meddele alle de af Kommissionen ønskede Indberetninger og Oplysninger.

§ 4.

Denne Lov træder straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet i Reykjavik, den 31. Juli 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Frederik R.*

(L. S.)

*H. Hafstein.*

---

**Islands Ministerium, den 31. Juli 1907.**

*H. Hafstein.*

*Eggert Briem.*

**Nr. 9.** **Lov** 31. Juli om Forlængelse af Gyldigheden af Lov om Forhøjelse af Indførselsafgift af 29. Juli 1905, samt om Nedsættelse af en Kommission mellem Altingssamlingerne.